



## Fundargerð 15. október 2018

Sameiginlegur fundur framkvæmdastjórnar og félagastjórnar Sósíalístaflökks Íslands, haldinn 15. október 2018 í húsakynnum Hlutverkaseturs Borgartúni 1. Fundur hófst kl 19:13.

Mætt voru Auður Traustadóttir, Gunnar Smári Egilsson, Laufey Ólafsdóttir, Andri Sigurðsson, Bogi Reynisson, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Pálína Sjöfn Þórarinsdóttir, Sigurður Gunnarsson, Viggó K. Jóhannsson, Katrín Baldursdóttir, Guðmundur Arngrímsson og Elsa Björk Harðardóttir.

1. Elsa og Bogi sögðu frá fyrstu skrefum að því að mynda sellur á sínum svæðum. Elsa var búin að hringja í marga á sínu svæði og ræða við fólk. Undirtektir voru góðar. Fleiri ætla að byrja að mynda sellur. Bogi talaði um að fá aðstoð við að skrifa leibeiningar eða “playbook” fyrir sellumyndun.
2. Fundurinn ræddi um Samvisku og hvernig við getum komið henni af stað. Talað um að stofna hóp eldri sósíalísta.
3. Gunnar Smári talaði um að setja sama hóp til að sjá um Sósíalísta-kaffi. Hugmynd að sellur hefðu það verkefni að skiptast á um að halda sósíalísta-kaffi.
4. Talað um að koma af stað hópi um verkalýðsmál, fyrir þá sem hafa áhuga á verkalýðsmálum. ASÍ þing framundan svo það er erfitt að byrja í þessari viku.
5. Almennar umræður um þing Neytendasamtakanna og Félag leigjenda hjá Félagsbústöðum.
6. Gunnar Smári talaði um að stofna Samtök heimilíslausra. Gæti orðið erfitt að fá heimilíslausa sjálfa til að halda úti félagi. Gæti verið stuðningsmannalið sem myndi halda utan um hópinn. Hugmynd um að gefa út blað heimilíslausra og þeir sem selja megi eiga ágóðann.
7. Fjölgun félaga. Umræður um hvernig við getum fengið fleira fólk inn í flokkinn. Við ættum að tala meira um það hvernig nálgun Sósíalísta er öðruvísi og hvernig við erum að vinna með öðrum félögum og samtökum sem þarf að byggja upp.
8. Gjaldkeri gerði grein fyrir stöðu fjármála.
9. Önnur mál: Andri ætlar að finna út hver er skráður fyrir vefhýsingum.